

# Verkefnin mín

**Hvernig gengur?** Stundum lendum við í því að komast ekki yfir öll verkefnin okkar eða að við erum ekki að ná að sinna verkefnunum okkar nægjanlega vel. Þá getum við lent í því að finna fyrir samviskubiti eða vanlíðan því oftast viljum við standa okkur vel. Hér fyrir neðan getur þú kortlagt verkefnastöðuna hjá þér og fundið leiðir til að fá betri yfirsýn og byrjað að forgangsraða og skipuleggja hvernig þú ætlar að vinna þig út úr þessari stöðu.

Hér hægt að setja inn þau verkefni sem eru ofarlega í huga t.d. námsgreinar, áhugamál, félagsstörf, vinnu o.s.frv.



Hvað gengur vel?



Hvað gengur ágætlega?



Hvað gengur ekki nógu vel?


1.			
2.			
3.			
4.			
5.			
6.			

**Þrjú verkefni sem þú vilt einbeita þér að:** Þegar þú segir að einhver verkefni gangi ekki nógu vel, hvað áttu við með því? Gagnlegt er að afmarka það sem gengur illa og útskýra í hverju vandinn liggur. Byrjaðu á að finna þrjú verkefni sem þú vilt að gangi betur og skrifa niður atriðin sem mætti breyta.


**Hvar vilt þú byrja?** Gott getur verið að setja niður áætlun um hvernig þú vilt takast á við þessi verkefni. Hægt er byrja á að skipta stórum verkefnum niður í nokkur lítil skref og taka svo eitt skref fyrir í einu þar til verkefnið klárast.

Verkefni:


Ég þarf að lesa bók sem er 100 blaðsíður.




Verkefni:



Verkefni:



Verkefni:



## Til umhugsunar:

- Hvaða verkefnum get ég byrjað á strax? Hvaða verkefni eru framundan? Hvaða verkefni eru mikilvægust núna?
- Hægt er að brjóta verkefni upp í tímalotur t.d. að vinna í ákveðnu verkefni í 30-45 mínútur á dag í nokkra daga.
- Þarf ég aðstoð með einhver verkefni? Hvar get ég fengið þá aðstoð?